

## Smáauglýsingar – Sími 550 5000

## Menning

DV

## Bílar til sölu



Gott verð. Econoline 4x4, árg. '76, 8 cyl., sjálfsk., 12 bolta GM afturhásing, Dana 44 að framan, 35" BF Goodrich, álfelgur, dráttarkúla, innréttaður m/svefnaðstöðu, eldavél, vaskur, dúklagt gólf, snúningsstólar, 2 sæta bekkur með beltum aftur í, hljómtæki o.fl. Verð aðeins 690 þús. Uppl. á bílasöluunni Bílabatteríu, sími 567 3131.



Toyota Corolla, 4WD, árg. '89, til sölu, ekinn 93.000, tvílitur brúnn, álfelgur. Verð 820.000. Skipti koma til greina á ódýrari eða sams konar bíl, árg. '92-93, milligjöf staðgreidd. Upplýsingar í síma 567 3454.



Toyota Camry 2,0 XLI '88, sjálfskiptur, ekinn 106 þús., lítur vel út, í toppstandi. Athuga skipti. Bílasala Brynleifs, Keflavík, sími 421 4888 og á kvöldin 421 5131.



Gullmoll. Toyota Corolla DX 1300, árg. '86, skoðaður '96, til sölu. Upplýsingar í síma 565 3849 e.kl. 16.



Toyota Carina E, árg. '95, til sölu, ekinn 1.000 km, spoiler og álfelgur. Uppl. í síma 568 6915. Hafsteinn.

## Jeppar



Cherokee Laredo, 4,0 I, árg. '87, ekinn 130 þús. km, 5 girar, 4 dyra, fallægur bíl. Ath. skipti. Bílasala Brynleifs, Keflavík, s. 421 4888 og á kv. 421 5131.



Toyota 4Runner Executive, árg. '94, til sölu, dísil, turbo, intercooler, mikið af aukahlutum. Bílasala Brynleifs, Keflavík, s. 421 4888 og á kv. 421 5131.

**HoppKastali**  
Útleiga • Sala

Í barnaafmælið, vörkynninguna, ættarmótið og fyrir alls konar uppákomur. Verð frá kr. 4000 á dag + vsk.

**Herkules**

Síðumúla 34 • Sími 568 2644, Fax: 568 2645 • Boðsími: 846 3490

## Mótunarár Kjarvals

Á undanförunum árum hafa Kjarvalsstaðir boðið upp á stopular og handahófskenndar sýningar á verkum meistara Kjarvals, helst yfir sumarmánuðina og sjaldnast hefur þeim sýningum verið fylgt úr hlaði með sýningarskrá. Nú virðist sem betur fer vera orðin breyting þar á því um liðna helgi var opnuð á Kjarvalsstöðum vel skipulögð og markviss sýning á verkum Kjarvals á mótunarskeiði hans sem listamanns. Sýningin spannar heil fjórútiú og fimm ár, frá fæðingu

## Myndlist

## Ólafur J. Engibertsson

Kjarvals 1885 og allt til 1930 þegar hann byrjar að fást við hraunið á Þingvöllum. Greinilegt er að mikil vinna hefur verið lögð í að fá sem flest æskuverk Kjarvals lánuð úr einkaeigu auk þess sem nokkur þeirra 5300 verka sem skráð eru í Listasafni Reykjavíkur hafa ratað á veggina. Síðast en ekki síst hefur verið prentuð vönduð sýningarskrá þar sem Kristín Guðnadóttir gerir stutta en greinargóða úttekt á mótunarárum listamannsins og Ásmundur Helgason skráir feril hans á þessum árum.

## Mörg verk úr einkaeigu

Gildi sýningarinnar felst ekki hvað síst í því að talsvert er um verk úr einkaeigu sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir. Illa Rauðka frá 1901 er elsta myndin og þar koma strax fram miklir hæfileikar hjá unglingnum Kjarval. Málverk hans næstu árin þar á eftir og fram til 1910 draga mjög dóm af tækni læri-meistarans Ásgríms Jónssonar og vættasýn Einaris Jónssonar.

Frá og með vatnslitamyndinni Menningin brennur frá 1912 er Kjarval hins vegar orðinn sjálföruggari og þar er stíll hans farinn að taka mið af þeim William Blake og Turner. Margar sérstæðar Blake-ískar vatnslitamyndir frá þessum árum eru á sýningunni og eru allar í einkaeigu. Áhrifa frá Blake gætir einnig í tákn-sæisverkum á borð við Jónsmessunótt frá 1918 og Uppstreymi frá 1924. Í báðum myndunum freistar Kjarval þess að sýna fram á hringrás lífsins og það hve lögmál náttúrunnar liggja í raun í augum uppi þegar öllu er á botninn hvolft.

## Listamenn við skilningstréð?

Af stærri verkum þessi ár fram til 1914 ber helst til að taka tvær myndir, aðra af Hornbjargi og hina af Strandatindum. Báðar hafa talsvert af Turner í sér þar sem birtan er meginafgjafi og ólíkt því sem síðar verður horfir Kjarval hér á landið úr fjarlægð. Birtan er þó tvímælaust íslensk í þessum verkum og er ekki ólíklegt að Kjarval hafi séð birtuna öðrum augum eftir langa dvöl erlendis.



Jóhannes Sveinsson Kjarval.

Tvö tákn-sæisverk frá 1918 eru til sérstakrar umfjöllunar í sýningarskránni. Það eru Íslenskir listamenn við skilningstréð og Jónsmessunótt. Kristínu Guðnadóttur virðist ekki kunnugt um hina augljósu skírskotun fyrrnefndu myndarinnar til Eddukvæða þar sem sjö riddarar vitja Asks Yggdrasils að næturþeli, heldur einkorðar hún sig við hina biblíulegu skýringu.

Auk þessa eru veggskreytingum Kjarvals um miðjan þriðja áratuginn gerð nokkur skil á sýningunni og er fengur í stúdíuljósmyndum og skissum af veggmyndunum í Landsbankanum. Í glerskáp í anddyri hefur einnig verið komið fyrir skissum Kjarvals að íslenska fánanum og umdeildum minningarskildi hans úr leir í tilefni af fullveldi landsins 1918.

Í heildina hefur vel tekist til um þessa sýningu. Þó mætti athuga, og það gildir um fleiri sýningar á Kjarvalsstöðum, að til að sýningargripir njóti sín verður að lýsa þá sérstaklega í stað þess að veita birtunni um allt rýmið. Sýningin á verkum Kjarvals stendur fram í desember.

## Af fáguguðum raddböndum Hilliard-kvartettsins

Það er sérkennileg tilviljun að helstu iðkendur hinnar fornu pólfónísku sönglistar í nútíð, Hilliard-kvartettinn, skuli loksins koma til Íslands undir merkjum jasshátíðarinnar RúRek. Það helgast að sjálfsögðu af gifturíkri samvinnu kvartettsins og norska jassaxófonleikarans Jans Garbarek sem leiddi af sér metsölu-diskinn Officium. Sá geisladiskur var einmitt kynntur í þessum dalki fyrir á þessu ári. Á morgun munu kvartettinn og Garbarek síðan flytja tónlist sína í Hallgrímskirkju. Vonandi fá þeir góða aðsókn því hér er á ferðinni tónlistarviðurður í háum gæðaflokki, hvort sem menn eru hallir undir jass eða sigilda tónlist. Hilliard-kvartettinn var að sjálfsögðu víðkunnur áður en hann varð heimsfrægur fyrir að dufla við jass. ECM-útgáfan, sem er í eigu Íslandsvinarins Manfreds Eicher (sem fékk hugmyndina að Officium á Íslandi), hefur árum saman gefið út geisladiska hópsins þar sem hann túlkar jafnt forna tónlist sem nýja, allt frá Tallis til Arvo Pärt, einn og sér eða í samvinnu við þýska tónlistarmenn. Það er engum blöðum um það að fletta að í þessum kvartetti eru saman komnir einhver fágugu-ustu raddbönd í gjörvöllum tónlistarheimi nútímans, uppfull af ljóðrænum þokka en um leið hæfilega jarðbundin.

## Úr tékkneskri sýnisbók

Þessa dagana er að koma út nýr geisladiskur með Hilliard-kvartettinum sem ber hið sérkennilega heiti Codex Speciálník. Hér er á ferðinni túlkun kvartettsins á valdri trúarlegri söngtónlist úr tékknesku handriti, eins konar sýnisbók, frá árinu 1500, en í því eru um 150 tónsmíðar frá árinu 1300 og fram á Endurreisn. Þetta er nær eingöngu pólfónísk tónlist, mest eftir óþekktu höfundu úr Tékköndum og Bæheimi, en einnig kirkjutónlist sem eignuð er þekktum tónskáld-



Hilliard-kvartettinn.

## Geisladiskar

## Aðalsteinn Ingólfsson

um, John Plummer hinum breska (c.1410-c.1484) og Josquin Desprez (1440-1521). Það sem er kannski mest spennandi við þessa tónlist, fyrir utan óaðfinnanlegan söng kvartettsins, er stíllöndunin sem verður þegar fastmótaðar kirkjusöngshefðir rekast á ævagamla alþýðutónlistina, tékknesk þjóðlög með víðlögum sínum og útúrdúrum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er samstarf Hilliard-kvartettsins og Jans Garbareks, samruni mótettu-söngs og jasssteffa, því ekki eins mikið og undarlegt stíllöf og mörgum þótti í fyrstu heldur eðlileg framhenging á þeirri stefnu sem kvartettinn markaði sér í upphafi.

AI  
The Hilliard Ensemble - Codex Speciálník  
ECM New Series 1504 447 807-2  
Umboð á Íslandi: JAPIS

## HAPPATÖLUR



Þú þeirð númerin á miðanum þínum saman við númerin hér að neðan. Þegar sama númerið kemur upp á báðum stöðum hefur þú hlotið vinning.

140437  
308928  
403249  
265470  
244096



Farmiðinn i Sumarleik Happaþrennunar og DV er engum líkur!

## DRAUMAFERÐ OG FARAREYRIR

Með Farmiða ert þú kominn í spennandi SUMARLEIK Happaþrennunar og DV. Farmiðinn er tvískiptur og gefur tvo möguleika á vinningi. Á vinstri helmingi eru veglegir peningavinningar, sá hæsti 2,5 MILLJÓNIR, og á þeim hægri eru glæsilegir ferðavinningar og „My First Sony“ hljómtæki. Fylgstu með í DV alla þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga.

Uppsöfnuð vinningaskrá birtist í DV 2. október 1995.

Ferða- og hljómtækjavinninga má vitja á markaðsdeild DV, Pverholti 14, sími 550 5000 gegn framvisun vinningsmiða.

Farmiðarnir biða þín á næsta útsöluastað og þú freistar gæfunnar fyrir aðeins 150 kr.

